

FUNDARBOÐ

259. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar
verður haldinn Hjálmakletti, fimmtudaginn 12. desember 2024 og hefst kl.
16:00

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra.

2. 2401306 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2024

3. 2412008 - Gjaldskrár 2025

Afgreiðsla byggðarráðs frá fundi nr. 691: "Lagðar fram gjaldskrár vegna starfsemi Borgarbyggðar 2025. Hlökkver Ingi Gunnarsson, Erla Björg Kristjánsdóttir og Sigríður Dóra Sigurgeirsdóttir sátu fundinn undir þessum lið og fóru yfir gjaldskrár fjölskyldusviðs.

Framlagðar til umræðu í byggðarráði gjaldskrár vegna fasteignaskatta og lóðarleigu, um meðhöndlun úrgangs, tæmingu rotþróa, söfnun og eyðingu dýraleifa, hunda- og kattahald í þéttbýli, ljósleiðara, gjaldskrár leikskóla, gjaldskrár vatnsveitna Hraunhrepps og Álftaneshrepps, tónlistarskóla, slökkvitækjaþjónustu, Slökkviliðs Borgarbyggðar, safnahúss, gjaldskrá fyrir ljósritun, frístundastarf í Borgarbyggð, gjaldskrá íþróttamiðstöðva 2025 og gjaldskrár skipulags- og umhverfissviðs. Gjaldskrár samþykktar með áorðnum breytingum og vísað til fullnaðarafgreiðslu sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða."

4. 2407054 - Fjárhagsáætlun 2025

Fjárhagsáætlun 2025 lögð fram til fyrri umræðu.

5. 2212062 - Ugluklettur - Stækkun

Afgreiðsla byggðarráðs frá fundi nr. 691: "Framlögð bókun byggingarnefndar vegna viðbyggingar við leikskólann Ugluklett í Borgarnesi.

"Verðfyrirspurnar gögn voru send út vegna fyrirspurnar um eftirlit og verkefnastjórnun með hönnun viðbyggingar við leikskólann Ugluklett í Borgarnesi. Tvö tilboð bárust í verkið frá Eflu og Verkís.

Val tilboða grundvallast af verði og hæfni sem getið var í verðfyrirspurnargögnum, ákveðið var að taka tilboði Eflu í verkefnastjórnun og eftirlit með hönnun."

Byggðarráð samþykkir ákvörðun byggingarnefndar viðbyggingar við leikskólann Ugluklett um að taka tilboði Eflu í verkefnastjórnun og eftirlit með hönnun. Vísað til

fullnaðarafgreiðslu í sveitarstjórn.

Samþykkt með tveimur atkvæðum (DS og GLE) en einn fulltrúi sat hjá (SG)."

6. 2303105 - Fjölnota íþróttahús - Knatthús

Afgreiðsla byggðarráðs frá fundi nr. 691: "Lögð fram áætlun um greiðsluflæði vegna byggingar á fjölnota íþróttahúsi, knatthúsi. Einnig lögð fram tilkynning um val á tilboði.

Framlagt opnaryfirlit og áætlun um greiðsluflæði. Byggðarráð samþykkir að leggja til við sveitarstjórn að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda Ístak hf. á grundvelli tilboðsins með fyrirvara um að allir skilmálar séu uppfylltir og kærufrestur liðinn. Áætlun um greiðsluflæði vísað til vinnu við fjárfestingarramma sveitarfélagsins 2025-2028.

Samþykkt með tveimur atkvæðum (DS, GLE) en einn fulltrúi sat hjá (SG)."

7. 2112004 - Hitaveita Varmalands

Afgreiðsla byggðarráðs frá fundi nr. 691: "Framlagður samningur um jarðhitaréttindi milli Borgarbyggðar og Laugalands hf. en hann fjallar um kaup og sölu á heitu vatni og úrlausnarfarveg ágreinings um jarðhitaréttindi úr borholu í landi Laugalands.

Byggðarráð tekur vel í framlögð drög að samningi. Byggðarráð felur sveitarstjóra að fullvinna í samræmi við umræðu á fundi vísa til sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða."

8. 2406059 - Sorpútboð 2024

Afgreiðsla byggðarráðs frá fundi nr. 691: "Nú stendur yfir útboð á úrgangsbjónustu fyrir Borgarbyggð. Samningur við Íslenska gámafélagið rennur út um áramót en ráðgert er að samið verði við aðila á grundvelli niðurstöðu útboðs þann 1. maí 2025. Óskað eftir staðfestingu byggðarráðs á framlengingu núverandi samkomulags við Íslenska gámafélagið til 1. maí 2025.

Byggðarráð samþykkir að gildandi samningur við Íslenska gámafélagið verði framlengdur til 1. maí næst komandi.

Samþykkt samhljóða."

9. 2310004 - Þjónustustefna í byggðum og byggðarlögum sveitarfélaga

Þjónustustefna Borgarbyggðar tekin til fyrri umræðu

10. 2406016 - Uppbygging nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar

Afgreiðsla byggðarráðs frá fundi nr. 690: "Framlögð drög að samþykktum fyrir nýja húsnæðissjálfsæignarstofnun sem stofna þarf utan um uppbyggingu og rekstur nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar. Í þeim felst að Borgarbyggð verður stofnaðili ásamt Menntaskóla Borgarfjarðar í sömu eignarhlutföllum og nú eru í Nemendagörðum MB ehf. Einnig lagt fram bréf HMS til Nemendagarða þar fram koma þær forsendur sem liggja til grundvallar þátttöku HMS.

Drög að samþykktum framlögð. Byggðarráð felur sveitarstjóra að fullvinna og vísar til fullnaðarafgreiðslu í sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

11. 2401047 - Ljósastaurar í dreifbýli

Afgreiðsla 71. fundar umhverfis- og landbúnaðarnefndar: Umhverfis- og landbúnaðarnefnd felur starfsmanni nefndar að fullvinna reglur um uppsetningu ljósastaura í dreifbýli í samræmi við umræður á fundinum og leggja fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

Samþykkt samhljóða.

12. 2411003 - Tillaga um endurbætur á reiðhöllinni - anddyri

Afgreiðsla byggðarráðs frá fundi nr. 691: "Lögð fram eftirfarandi tillaga sveitarstjóra: Borgarbyggð á 57,95% eignarhlut í félaginu Reiðhöllin Vindási ehf. en tilgangur þess er eignarhald og rekstur reiðhalla í Borgarnesi. Fyrir liggur teikning og kostnaðaráætlun. Byggðarráð tók á fundi sínum nr. 688 vel í það erindi að Borgarbyggð tæki þátt í framkvæmdinni í samræmi við eignarhlut. Lagt til við sveitarstjórn að Borgarbyggð greiði framlag til Reiðhallarinnar í samræmi við eignarhlut og að greiðsluflæði verði í takti við framgang verksins með fyrirvara um samsvarandi þátttöku annarra eigenda. Gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun 2024. Samþykkt samhljóða."

13. 2411004 - Samstarfssamningur á sviði endurhæfingar

Afgreiðsla byggðarráðs nr. 689: "Þann 31.10.24 var undirritaður samningur um samstarf á sviði endurhæfingar milli Tryggingastofnunar, félagsþjónustu sveitarfélaga, VIRK - starfsendurhæfingarsjóðs ses., Vinnumálastofnunar og heilsugæslustöðva, sjá meðfylgjandi. Samningurinn tekur gildi 01.09.25 og er mikilvægur liður í innleiðingu viðamikilla breytinga á örorkulífeyriskerfinu samkv. lögum sem öðlast gildi á sama tíma. Þannig munu samhæfingarteymi, sem gert er ráð fyrir að starfi á grundvelli samningsins, einungis vera vettvangur fyrir faglegt samstarf en ekki taka ákvarðanir um málefni þjónustunotenda hjá sveitarfélögunum. Á velferðarnefndarfundum þann 05.11.24 var samstarfið kynnt og var bókun eftirfarandi: "Velferðarnefnd fagnar að búið sé að formfesta samstarf á milli ofangreindra þjónustuveitenda. Með því er stuðlað að ná fram heildstæðri nálgun við endurhæfingu einstaklinga og samfellu í allri þjónustu. Samningur verður lagður fram til kynningar hjá Byggðarráði."

Samningur framlagður og byggðarráð samþykkir að sveitarstjóri feli félagsmálastjóra að undirrita samninginn fyrir hönd Borgarbyggðar með fyrirvara um fullnaðarafgreiðslu sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða."

14. 2303023 - Samræmd móttaka flóttafólks

Afgreiðsla byggðarráðs frá fundi nr. 690: "Framlagður viðauki við þjónustusamning milli Félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, Vinnumálastofnunar og Borgarbyggðar um samræmda móttöku flóttafólks. Hlökkver Ingi Gunnarsson sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Erla Björg Kristjánsdóttir félagsmálastjóri koma til fundarins.

Með viðauka þessum er gildistími samningsins framlengdur um ár og rennur samningurinn því út í árslok 2025. Þá heimilar viðaukinn greiðslur fyrir þjónustu fyrir þann fjölda notenda sem vísað hafði verið til Borgarbyggðar fyrir 18. nóvember sem er umfram skilgreindan hámarksfjölda notenda sem er í samningi við Borgarbyggð. Með þessu er brugðist við gagnrýni aðildarsveitarfélaga en þó aðeins að hluta og ljóst að sveitarfélögin búa við áframhaldandi óvissu sem gæti þurft að bregðast við. Byggðarráð

samþykkir framlagðan viðauka fyrir sitt leyti og felur sveitarstjóra að undirrita með fyrirvara um samþykki sveitarstjórnar.
Samþykkt samhljóða."

15. 2311308 - Lýsing á leið milli hesthúsahverfis og Einkunna

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 690: "Í samræmi við bókun fundar byggðarráðs nr. 690 hafa tilboð verið yfirfarin.

Lægsta tilboð er frá VBT ehf. og er um að ræða frávikstilboð sem felur í sér plægingu á raflögn. Byggðarráð leggur til við sveitarstjórn að taka frávikstilboði lægstbjóðanda að undangengnum biðtíma og staðfestingu á hæfi bjóðanda í samræmi við kröfur útboðs.
Samþykkt samhljóða."

16. 2407095 - Reglur um tölvupóst og netnotkun starfsfólks

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 697: "Drög að reglum lögð fram til kynningar. Byggðarráð felur sveitarstjóra að fullvinna reglurnar og leggja svo fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

Samþykkt samhljóða "

17. 2412003 - Verklagsreglur vegna viðauka fjárhagsáætlunar

Afgreiðsla byggðarráðs frá fundi nr. 691: "Framlagðar verklagsreglur um viðauka við fjárhagsáætlun.

Byggðarráð samþykkir framlögð drög að verklagsreglum um viðauka við fjárhagsáætlun, felur sveitarstjóra að fullvinna í samræmi við umræðu á fundi og vísar til sveitarstjórnar til fullnaðarafgreiðslu.
Samþykkt samhljóða."

18. 2302057 - Grenihlíð 3 Varmalandi - stækkun lóðar - fyrirspurn

Afgreiðsla byggðarráðs frá fundi nr. 691: "Framlagður samningur um sölu á landspildu til stækkunar á lóðinni Grenihlíð 3 á Varmalandi. Jafnframt lagt fram lóðablað og verðmat fasteignasala.

Framlagt og byggðarráð samþykkir að fela sveitarstjóra að undirrita með fyrirvara um fullnaðarafgreiðslu sveitarstjórnar.
Samþykkt samhljóða."

19. 2401006 - Rammasamningar 2024

Afgreiðsla byggðarráðs frá fundi nr. 691: "Farið yfir þá rammasamninga sem komnir eru til endurnýjunar. Þorunn Unnur Birgisdóttir verkefnastjóri á fjármála- og stjórnsýslusviði sat fundinn undir þessum lið.

Rammasamningar um kaup á hreinlætisvörum (RK09) og skrifstofuvörur og prentun (RK02) eru komnir til endurnýjunar. Byggðarráð samþykkir að Borgarbyggð haldi áfram að vera aðili að samningunum. Vísað til fullnaðarafgreiðslu í sveitarstjórn.
Samþykkt samhljóða."

20. 2404320 - Hraunsás III - umsókn um aðalskipulagsbreytingu - 204514

Afgreiðsla 71. fundar skipulags- og byggingarnefndar: "Skipulags- og byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkja til auglýsingar framlagða tillögu að breyttu aðalskipulagi sveitarfélagsins skv. 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að undangenginni athugun Skipulagsstofnunar. Samþykkt samhljóða."

21. 2201148 - Breytingar á barnaverndarlögum og uppbyggingu barnaverndarþjónustu sveitafélaga

Viðauki við samning um barnaverndarþjónustu lagður fram til síðari umræðu í sveitarstjórn.

Afgreiðsla velferðarnefndar frá fundi nr. 155: "Viðauki við samning um barnaverndarþjónustu fór til rýningar hjá innviðaráðuneyti. Búið er að bregðast við þeim athugasemdum sem þar komu. Lagt er til að barnaverndarþjónusta Vesturlands fari í aðra umræðu hjá sveitastjórn.

Velferðarnefnd samþykkir fyrir sitt leyti með viðauka við samning Hvalfjarðarsveitar um rekstur sameiginlegrar barnaverndarþjónustu með áorðnum breytingum og vísar til seinni umræðu í sveitastjórn. Með viðauka þessum bætast sveitarfélögin Snæfellsbær, Grundafjörður, Stykkishólmur og svo Eyja- og Miklaholtshreppur, undir forystu Borgarbyggðar sem leiðandi sveitarfélag. Með þessari sameiningu næst að uppfylla skilyrði um lágmarks íbúafjölda vegna barnaverndarþjónustu, auk þess sem fagþekking innan hópsins eykst."

Fundargerð

22. 2411014F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 689

- 22.1 2411004 - Samstarfssamningur á sviði endurhæfingar
- 22.2 2407054 - Fjárhagsáætlun 2025
- 22.3 2401006 - Rammasamningar 2024
- 22.4 2411072 - Kjaradeila Kennarasambands Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisins
- 22.5 2411044 - Húsnæðisáætlun Borgarbyggðar 2025
- 22.6 2309287 - Beiðni frá Golfklúbbi Borgarness um stuðning
- 22.7 2411075 - Beiðni um styrk - Jólaútlarp 2024
- 22.8 2411068 - Vetrarþjónusta Vegagerðarinnar 2024-2025
- 22.9 2411080 - Umsókn um lóðirnar Vallarás 16, 16a, 16b og 16c
- 22.10 2410282 - Umsókn um lóð - Þrastarflöt 8
- 22.11 2402059 - Þjóðlendumál eyjar og sker.
- 22.12 2411048 - Umsókn um lóð - Melbraut 2a
- 22.13 2401025 - Umsagnarmál frá Alþingi 2024.
- 22.14 2401226 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundagerðir 2024.
- 22.15 2401226 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundagerðir 2024.
- 22.16 2402069 - Fundargerðir Orkuveitu Reykjavíkur 2024
- 22.17 2411095 - Gatnagerð við Fitjar - erindi frá Björgunarsveitinni Brák

- 22.18 2311308 - Lýsing á leið milli hestúshverfis og Einkunna
- 22.19 2303105 - Fjölnota íþróttahús - Knatthús

23. 2411021F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 690

- 23.1 2411073 - Háafell í Hvítársíðu - umsókn um ljósastaur
- 23.2 2303023 - Samræmd móttaka flóttafólks
- 23.3 2407054 - Fjárhagsáætlun 2025
- 23.4 2401059 - Mælaborð um rekstur Borgarbyggðar
- 23.5 2312078 - Leikskólinn Hraunborg - Varmaland - Flutningur
- 23.6 2303019 - Þinghamar - aðgengismál
- 23.7 2411100 - Um viðhald á íþróttahúsum á Varmalandi og Kleppjárnreykjum
- 23.8 2311308 - Lýsing á leið milli hestúshverfis og Einkunna
- 23.9 2411230 - Umsókn um lóð Fjóluklettur 14.
- 23.10 2401226 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundagerðir 2024.
- 23.11 2401300 - Fundagerðir 2024 - Hafnasamband Íslands.
- 23.12 2401057 - Fundargerðir Faxaflóahafna sf. 2024
- 23.13 2402069 - Fundargerðir Orkuveitu Reykjavíkur 2024
- 23.14 2411241 - Framtíð Hamarsbæjarins
- 23.15 2411245 - Starfsemi og fjármögnun Þróunarfélags Grundartanga 2025
- 23.16 2406016 - Uppbygging nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar
- 23.17 2403003 - Fundargerðir stjórnar SSV 2024.
- 23.18 2401226 - Samband ísl.sveitarfélaga - fundagerðir 2024.

24. 2411028F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 691

- 24.1 2407054 - Fjárhagsáætlun 2025
- 24.2 2412008 - Gjaldskrár 2025
- 24.3 2411003 - Tillaga um endurbætur á reiðhöllinni - anddyri
- 24.4 2401306 - Viðauki við fjárhagsáætlun 2024
- 24.5 2412003 - Verklagsreglur vegna viðauka fjárhagsáætlunar
- 24.6 2112004 - Hitaveita Varmalands
- 24.7 2406016 - Uppbygging nemendagarða Menntaskóla Borgarfjarðar
- 24.8 2303105 - Fjölnota íþróttahús - Knatthús
- 24.9 2302057 - Grenihlíð 3 Varmalandi - stækkun lóðar - fyrirspurn
- 24.10 2212062 - Ugluklettur - Stækkun
- 24.11 2406059 - Sorpútboð 2024
- 24.12 2401006 - Rammasamningar 2024
- 24.13 2412009 - Jarðhitaleit Veitna
- 24.14 2411006 - Þinghamar fundargerð 17.10.2024

25. 2411026F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 71

- 25.1 2404320 - Hraunsás III - umsókn um aðalskipulagsbreytingu - 204514
- 25.2 2411033 - Hraunsás - umsókn um deiliskipulag - 204514
- 25.3 2411055 - Mýrar - umsókn um aðalskipulagsbreytingu - L134435
- 25.4 2411061 - Varmilækur (Inr. 133917)_Umsókn um skógrækt
- 25.5 2411022 - Túngata - umsókn um framkvæmdarleyfi - Svæði við enda götunnar
- 25.6 2411146 - Árbær L135917 - Fyrirspurn um skipulagsmál -
- 25.7 2408207 - Fjóluklettur 12 L215395 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
- 25.8 2411261 - Árdalur L133819 Umsókn um aðalskipulagsbreytingu
- 25.9 2402022 - Gangbraut yfir Borgarbraut - undirskriftalisti
- 25.10 2411271 - Lundarreykjadalur_Fyrirspurn um framkvæmdir vegna skógræktar
- 25.11 2407181 - Fauskás 3 - umsókn um deiliskipulag - F2334325
- 25.12 2412008 - Gjaldskrár 2025
- 25.13 2411005F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 44
- 25.14 2411017F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 45
- 25.15 2411018F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 235

26. 2412004F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 155

- 26.1 2411036 - Gjaldskrár fjölskyldusviðs 2025
- 26.5 2311316 - Velferðarþjónusta á Vesturlandi
- 26.6 2410279 - Ósk um fjárstuðning til Stígamóta 2025
- 26.7 1907035 - Erindi frá Heilsu Hofi
- 26.8 2201148 - Breytingar á barnaverndarlögum og uppbyggingu barnaverndarþjónustu sveitafélaga

27. 2411012F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 71

- 27.1 2409299 - Fjárhagsáætlun 2025 - umhverfis- og landbúnaðardeild
- 27.2 2411244 - Gjaldskrár 2024 Umhverfis-og landbúnaðarnefnd
- 27.3 2401047 - Ljósastaurar í dreifbýli
- 27.4 2401233 - Snjómokstur í dreifbýli- Útboð 2025
- 27.5 2411093 - Verðfyrirspurn v. tjaldsvæða í Borgarnesi og Varmlandi

28. 2411009F - Fræðslunefnd Borgarbyggðar - 237

- 28.1 2406245 - Kjarasamningar 2024
- 28.2 2407054 - Fjárhagsáætlun 2025
- 28.3 2411053 - Breyting á skóladagatali
- 28.4 2411036 - Gjaldskrár fjölskyldusviðs 2025
- 28.5 2408042 - Ársskýrslur grunn- og leikskóla 2024
- 28.6 2409329 - Listaskóli Borgarfjarðar
- 28.7 2410069 - Frístundaakstur í Borgarbyggð
- 28.8 2410095 - Leiðarkerfi landsbyggðarvagna

28.9 2409275 - Íslenska Æskulýðsrannsóknin Upplýsingar um niðurstöður, skýrslur og nýjan verkefna- og kynningarstjóra

29. 2411015F - Fjallskilanevnd Borgarbyggðar - 35

29.1 2411077 - Efnahagsreikningur

29.2 2411078 - Innheimta ógreiddra reikninga

29.3 2411079 - Tillaga um réttardaga vegna endurskoðunar á fjallskilareglugerð

10.12.2024

Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslu.